

Alþingi
Erindi nr. P 135/753
komudagur 4.12.2007



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30.11.2007
Tilv. 164/2006 - 1.05.02
RMJ

Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, 182. mál, brottfall laganna.


Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp.


Í frumvarpi þessu er lagt til að lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr.39/1964, verði felld úr gildi. Í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað undanfarin ár á sviði forvarna og meðferða, m.a. með stofnun Lýðheilsustöðvar og lögum nr. 40/1991 um skyldur sveitarfélaga, verður ekki séð að breyting sú sem hér er lögð til hafi áhrif á forvarnastarf og meðferð áfengissjúkra.

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að áfangaheimili njóti nú styrkja úr Forvarnasjóði en ekki Gæsluvistarsjóði eins og getið er um í fyrirnefndum lögum. Samkvæmt lögum um Lýðheilsustöð og reglugerð um Forvarnasjóð, nr. 361/1999 er það hlutverk Forvarnasjóðs að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu og veita styrki á grundvelli verkefna.

Lýðheilsustöð styður brottfall laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Virðingarfyllst,


Þórólfur Þórlindsson
forstjóri Lýðheilsustöðvar


Rafn M. Jónsson
verkefnisstjóri áfengis- og
vímuvarna